

Leikskólastjóri óskast til starfa við leikskólann Barnabæ á Blönduósi

Blönduósbær auglýsir stöðu leikskólastjóra lausa til umsóknar. Stefnt er að því að ráða í stöðuna frá og með 1. júní næstkomandi eða eftir nánara samkomulagi.

Leitað er að faglegum leiðtoga með mikinn metnað sem leggur áherslu á velferð og framfarir barna í góðu samstarfi við starfsfólk og foreldra, er lausnamiðaður og hefur skýra framtíðarsýn um að viðhalda öflugu leikskólastarfi.

Leikskólinn er fimm deilda skóli með um 70 leikskólabörn frá 8 mánaða aldri. Einkunnarorð leikskólans er **leikur-gleði-virðing**. Barnabær hefur unnið með þróunarverkefnið Málþroski og læsi - færni til framtíðar og innleiðir nú hugmyndafræðina um jákvæðan aga. Haustið 2021 munu starfsmenn leik- og grunnskóla í Austur Húnavatnssýslu innleiða þróunarverkefnið Lærdómssamfélagið.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Stýrir og ber ábyrgð á daglegum rekstri og starfsemi leikskóla
- Faglegur leiðtogi sem mótar framtíðarsýn í samræmi við skólafestnu Blönduósbæjar, aðalnámskrá leikskóla og lög um leikskóla
- Ber ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, starfsþróun og vinnutilhögum
- Tekur þátt í samstarfi við aðila skólasamfélagsins

Menntunar og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf leikskólakennara, skv. núgildandi lögum, er skilyrði

- Viðbótarmenntun á sviði stjórnunar- og/eða menntunarfræða
- Kennslureynsla á leikskólastigi
- Leiðtoga- og stjórnunarhæfni, reynsla af stjórnun kostur
- Framúrskarandi samkiptahæfni og jákvætt viðmót
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði og faglegur metnaður
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun kostur
- Almenn tölvukunnátta og góð íslenskukunnátta
- Hreint sakavottorð, skv. lögum um leikskóla

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við KÍ (Félags stjórnenda leikskóla).

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf sem tilgreinir m.a. ástæður umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Afrit af prófskirteini og leyfisbréfi skal fylgja umsókn. Umsækjendur af öllum kynjum eru hvattir til þess að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 25. mars 2021.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Valdimar O. Hermannsson, sveitarstjóri Blönduósbæjar.

Umsókn ásamt fylgigögnum skal skila á netfangið valdimar@blonduos.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.



BLÖNDUÓSBÆR

Hnjúkabyggð 33 | 540 Blönduós | Sími 455 4700

